

Veituframkvæmdir og fornleifar

2015

Uppfært
2024



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland



Höfundar

Agnes Stefánsdóttir
Uggi Evarsson
Þuríður Elísa Harðardóttir

Ljósmyndir

Agnes Stefánsdóttir
Magnús Aðalsteinn Sigurðsson
Þuríður Elísa Harðardóttir

Ljósmyndir á forsíðu

Lagnafrankvæmd við Dunk í Dalabyggð
Magnús A. Sigurðsson

© 2024
Minjastofnun Íslands

Öll réttindi askilin

Minjastofnun Ísland

Suðurgata 39
101 Reykjavík
Iceland
(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	3
2.	Veituframkvæmdir.....	4
3.	Áhrif veitulagna á fornleifar.....	5
4.	Verkferli til verndar minjum við veituframkvæmdir	6
	4.1 Verklag við skráningu fornleifa í tengslum við veitulagnir	6
	4.2 Rannsóknir sem þarf að ráðast í vegna veitulagna og verklag um framkvæmd	8
5.	Sérstök tilfelli.....	9
6.	Athugasemdir.....	10
7.	Heimildir	11

1. Inngangur

Allar fornleifar á Íslandi eru friðaðar. Friðunin felur í sér að óheimilt er að raska, hylja eða á nokkurn hátt breyta fornleifum nema með leyfi og að uppfylltum þeim skilyrðum sem Minjastofnun Íslands kann að setja. Um þetta er fjallað í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 ¹.

Í lögnum eru fornleifar skilgreindar sem allt sem mannfólkið hefur skilið eftir sig eða sett mark sitt á með athöfnum sínum og er 100 ára eða eldra. Leifar eftir athafnir og framkvæmdir fólks allt frá landnámi er að finna í meira magni en flestir gera sér grein fyrir. Dreifingin er um allt land, þó þéttleikinn sé vitaskuld mestur þar sem er og hefur verið byggð.

Í lögnum segir að skráning fornleifa skuli ætíð fara fram á vettvangi áður en deiliskipulag er afgreitt og áður en leyfi til framkvæmda eða rannsókna er veitt. Með því móti hefur löggjafinn reynt að tryggja friðhelgi fornminja með kröfum um fornleifaskráningu þar sem von er á jarðraski. Í reglum um skráningu menningarminja í tengslum við framkvæmdir og skipulag nr. 620/2019² kemur einnig fram í 4. gr. að óheimilt er að veita byggingar- eða framkvæmdaleyfi án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar.



Allar fornleifar á Íslandi eru friðaðar samkvæmt lögum um menningarminjar

Lagning hitaveitu í Eyjafjarðarsveit.

¹ <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

² <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=b16a0ee3-05fb-42fd-ac95-eec0e082284b>

2. Veituframkvæmdir

Veituframkvæmdir þurfa að vera í samræmi við skipulag þar sem það liggur fyrir. Samkvæmt skipulagsreglugerð skal í aðalskipulagi gera grein fyrir og marka stefnu um byggð og fyrirhuguð stofnkerfi vatnsveitu, hitaveitu, rafveitu, fjarskipta og fráveitu og helgunarsvæði þeirra ofan jarðar og neðan.³ Það fer eftir eðli og umfangi veitunnar hvort viðkomandi lög sé auðkennd á aðalskipulagsupprætti eða aðeins mörkuð almenn stefna um þær í texta greinargerðar. Þá skal í deiliskipulagi gera grein fyrir veitum og helgunarsvæðum þeirra, ofan jarðar og neðan, á uppdráttum og/eða í greinargerð.⁴

Veituframkvæmdir geta fallið undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Þær framkvæmdir sem tilgreindar eru í flokki A í 1. viðauka laganna eru umhverfismatsskyldar en undir það fellur m.a. lagning loftlína til flutnings á raforku með a.m.k 132 kV spennu, sbr. lið 10.15. Framkvæmdaraðila ber að tilkynna framkvæmdir sem tilgreindar eru í B flokki í 1. viðauka til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu. Í flokk B fellur t.d. lagning strengja í jörð, vatn eða sjó sem eru a.m.k. 10 km og utan þéttbýlis, einnig styttri en 10 km ef staðsettir á verndarsvæðum utan þéttbýlis, sbr. lið 10.16. Í 2. viðauka laganna eru talin upp viðmið við mat á því hvort framkvæmdir tilgreindar í B flokki séu matsskyldar m.t.t. staðsetningar. Þar kemur fram að athuga þarf hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á m.a. með tilliti til þess hvort svæðið liggja innan 100 m fjarlægðar frá fornleifum sem njóta verndar samkvæmt lögum um menningarminjar.

Veituframkvæmdir geta verið háðar framkvæmdarleyfi skv. 5. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012. Leyfisveitandi (þ.e. viðkomandi sveitarstjórn) metur hvort framkvæmd sé framkvæmdarleyfis skyld en framkvæmdir sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum (lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana í dag) eru ávallt háðar framkvæmdaleyfi. Framkvæmdaleyfi skal gefið út á grunni deiliskipulags en þó er heimilt að veita leyfi á grundvelli aðalskipulags ef þar er gerð grein fyrir framkvæmdinni og fjallað á ítarlegan hátt um umfang, frágang, áhrif hennar á umhverfið og annað sem við á, sbr. 7. gr. reglugerðarinnar.⁵

Athygli er vakin á því að í 23. gr. laga um menningarminjar kemur fram að ef fyrirsjáanlegt er að minjastaður spillist vegna breyttrar landnotkunar eða framkvæmda skuli framkvæmdaraðili eða viðkomandi sveitarfélag gera Minjastofnun Íslands viðvart með minnst fjögurra vikna fyrirvara áður en framkvæmdir hefjast og lýsa þeim breytingum sem af framkvæmdinni mun leiða. Slíkt samráð kann að hafa átt sér stað á fyrri stigum, s.s. í skipulagi eða vegna framkvæmdarleyfisumsóknar sbr. 16. gr. laga um menningarminjar. Auk þess er mikilvægt að Minjastofnun Íslands fái til skoðunar heimtaugar sem liggja að bæjum þar sem þar er iðulega að vænta mikils fjölda fornleifa.

³ Skipulagsreglugerð, gr. 4.3.1, liður m

⁴ Skipulagsreglugerð, gr. 5.3.2.15

⁵ Liggja ekki fyrir staðfest/samþykkt skipulag þar sem gerð er grein fyrir framkvæmdinni og sem Minjastofnun Íslands hefur fengið til umsagnar þarf umsögn stofnunarinnar að fylgja umsókn um framkvæmdarleyfi.

3. Áhrif veitulagna á fornleifar

Einn þáttur umhverfismats er mat á áhrifum framkvæmdarinnar á menningarminjar; fornleifar, hús og mannvirki.

Hingað til hafa raf-, vatns- og fjarskiptalagnir oftast verið lagðar í skurð. Undanfarin ár hefur þó færost í vöxt að plægja slíkar lagnir niður. Jarðrask vegna lagna í jörðu er því mismikið. Rask við lagningu í skurð er augljóslega meira heldur en ef lagnir eru plægðar niður. Rask vegna strenglagna getur þó verið meira en bara í formi plógfars eða lagnaskurðar. Skemmdir geta einnig orðið af völdum jarðýta og annarra véla sem notaðar eru við lagnavinnuna auk þess sem það kemur fyrir að leggja þurfi slóða að og meðfram lagnaleiðinni sem getur valdið umtalsverðu raski.

Í flestum tilfellum miðast lagnavinna við að koma hinum ýmsu veitum til íbúa landsins. Því þarf að leggja veiturnar að bæjum í sveitum landsins. Bæjarhús hafa oft verið á svipuðum stað öldum saman og stundum standa nýbyggingar á bæjarhólum. Þá er átt við að þau standi á uppsöfnuðum leifum fyrri bæjarhúsa. Í slíkum hólum er að finna gríðarlegt magn upplýsinga um líf og kjör genginna kynslóða. Því er mikilvægt að gæta sérstaklega að allri vinnu nálægt bæjum og í gömlum heimatúnum. Oftast hafa gömlu heimatúnin verið sléttuð og því erfitt eða ómögulegt að sjá á yfirborði leifar eldri mannvirkja sem þar kunna að vera. Ef grafa þarf fyrir lögn getur reynst nauðsynlegt að vakta framkvæmdir í gömlum heimatúnum og á bæjarhólum, jafnvel þó að fyrir liggi fornleifaskráning og engar sýnilegar minjar séu á framkvæmdarsvæðinu. Hið sama gildir um gömul hverfi í þéttbýli þar sem minjar kunna að leynast undir götum og göngustígum.



Strenglagn lögð gegnum tóft

4. Verkferli til verndar minjum við veituframkvæmdir

Sá sem stendur fyrir veituframkvæmdum er ábyrgur fyrir því að verkið sé unnið í samræmi við lög um menningarminjar og reglur um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda sem Minjastofnun Íslands setur. Rétt er að vekja athygli á 23. gr. laganna þar sem segir að tilkynna skuli Minjastofnun Íslands um fyrirhugaðar framkvæmdir með góðum fyrirvara, eða að lágmarki fjórum vikum áður en verk hefst á vettvangi.

Þegar fornleifaskráning liggur fyrir, hvort sem hún var unnin að frumkvæði framkvæmdaaðila eða að kröfu Minjastofnunar Íslands (sjá kafla 4.1), þurfa gögn að berast stofnuninni sem tekur ákvörðun um mótvægisáðgerðir svo fljótt sem auðið er (kafla 4.2).

4.1 Verklag við skráningu fornleifa í tengslum við veitulagnir

Framkvæmdaaðili ræður fornleifafræðing, með reynslu af fornleifaskráningu, til starfa og sendir honum gögn viðvíkjandi framkvæmdina. Ef fornleifaskráning liggur ekki fyrir eða er ekki fullnægjandi ber framkvæmdaaðila að greiða kostnað við þá skráningu sem og mögulegar frekari rannsóknir sem gera þarf vegna framkvæmdanna sbr. 28. gr. laga um menningarminjar.

- Afmörkun framkvæmdarsvæðis – oft lagnaleið – þarf að liggja fyrir, hnitsett eða merkt á vettvangi, áður en fornleifafræðingur skoðar það á vettvangi.
 - Ef framkvæmdaaðili ákvarðar ekki lagnaleiðina, áður en fornleifafræðingur fer á vettvang, þarf að stækka það belti sem fornleifafræðingurinn þarf að ganga til að taka hugsanleg frávik inn í.
 - Ef framkvæmdaaðili treystir sér ekki til að afmarka lagnaleiðina er rétt að fá fornleifafræðing til liðs við að ákvarða lagnaleiðina, á vettvangi.
- Fornleifafræðingur skal ganga fyrirhugaða lagnaleið og taka út 30 m belti, 15 m sitthvoru megin við miðlínu lagnarinnar. Ekki er þörf á að ganga svæði þar sem lagnir munu liggja í vegöxlum, í eldri lagnaskurðum eða þar sem hefur verið jarðvegsskipt en þó þarf að líta yfir slík svæði Minjar kunna einnig að leynast innan veghelgunarsvæðis Vegagerðarinnar.
- Fornleifafræðingurinn skráir og mælir upp allar fornleifar á lagnaleiðinni í samræmi við skráningarstaðla Minjastofnunar Íslands og skal leitast við að leggja mat á áhrif lagnaleiðarinnar á skráðar minjar.
- Leiðbeinandi hlutverk fornleifafræðings er mikilvægt en hann skal leiðbeina viðkomandi lagnahönnuði/framkvæmdaraðila um bestu leiðina með tilliti til minja. Ef slíkt er gert strax á vettvangi er komið í veg fyrir óþarfa tafir sem geta kostað það að kalla þurfi aftur eftir fornleifafræðingi á vettvang til að ganga nýja leið. Samráð þessara aðila er því mikilvægt. Minjavörður er fornleifafræðingi og/eða framkvæmdaaðila, til fulltingis ef þörf krefur.
- Fornleifafræðingur skal leggja til hnitsetningu á nýrri leið fram hjá minjum ef þær koma til með að vera í hættu. Hann skal engu að síður skrá þær fornleifar sem hann krækir fyrir. Mikilvægt er að allur ferillinn sé gagnsær

Mikilvægt er að breytingar á strenglögnum séu skráðar til að tryggja að ekki séu fornleifar innan þeirra.

Þannig að fyrirhugaðar lagnaleiðir, sem og endanlegar, komi fram í skýrslu fornleifafræðings.

- Framkvæmdaaðili skal reyna að fara sem mest í vegaxlir, gamla lagnaskurði og sem stystu leið yfir bæjarhóla, þótt þræða þurfi lögnina meðfram húsinu fyrir vikið.
- Ef niðurstaða athugunar er að óhjákvæmilegt sé að raska minjum þarf minjavörður Minjastofnunar Íslands að ákvarða hvort mótvægisáðgerða sé þörf (sjá kafla 4.2).
- Rannsóknarvinnu skal vinna áður en viðkomandi fornleifum er raskað vegna framkvæmda, liggi heimild stofnunarinnar fyrir því. Vænlegast er að slá saman verkefnum sé rannsóknar þörf á fleiri en einum stað.



*Strengur lagður yfir
garðlag*

Kröfur Minjastofnunar Íslands vegna loka verks eða verkþáttar:

- Gerð er grein fyrir heimildum og uppmældum minjum í skráningarskýrslu viðkomandi verks.
- Uppmælingargögnum er skilað stafrænt til Minjastofnunar Íslands skv. leiðbeiningum um skil á fornleifaskráningargögnum sem finna má á heimasíðu stofnunarinnar⁶.
- Fyrirhuguð lagnaleið þarf að berast stofnuninni hnitsett ásamt tilfærslum á leiðinni.
- Minjastofnun Íslands veitir umsögn um málið þegar öll skráningargögn hafa borist stofnuninni. Stofnunin reynir að afgreiða málin eins fljótt og unnt er en gefur sér allt að fjórar vikur til afgreiðslu málsins.

⁶ <http://www.minjastofnun.is/is/fornleifar/skraning-fornleifa>

4.2 Rannsóknir sem þarf að ráðast í vegna veitulagna og verklag um framkvæmd

Kröfur Minjastofnunar Íslands um mótvægisáðgerðir byggja á fornleifaskráningu og öðrum gögnum sem aflað hefur verið á fyrri stigum málsins.

Beina skal lögnum fram hjá sýnilegum fornleifum og þekktum fornleifum undir yfirborði en í sumum tilvikum getur slíkt reynst erfitt, s.s. þegar um er að ræða garðlög, gamlar götur og vegi, bæjarhóla og jafnvel tóftir. Í slíkum tilfellum þarf því að bregðast við með viðeigandi mótvægisáðgerðum. Þær geta falið í sér borkjarnarannsókn, könnunarskurð eða frekari rannsóknir, en það fer eftir aðstæðum. Sama máli gegnir um skurðir sem þarf að grafa í eða við bæjarhóla. Heimild Minjastofnunar Íslands þarf að liggja fyrir til að raska megi fornleifum en í slíkri heimild fylgja yfirleitt skilyrði um rannsóknir, sbr. 23. gr. laga um menningarminjar.

- Viðkomandi rannsóknaraðili, fornleifafræðingur, sækir um rannsóknarleyfi til Minjastofnunar Íslands. Vegna eðlis veituframkvæmda mun stofnunin leitast við að afgreiða leyfi til rannsókna eins hratt og unnt er og veita eitt leyfi sem nær yfir allar fornleifarannsóknir sem ráðast þarf í sökum téðrar framkvæmdar.
- Hafi framkvæmdaaðili fengið leyfi Minjastofnunar Íslands til að fara í gegnum fornleifar, t.d. garðlög, þarf fornleifafræðingur eftir atvikum að rannsaka þau áður en lögnin er lögð.
- Mótvægisáðgerðir á bæjarhólum ráðast af umfangi rasksins og gerð lagnanna. Ef um er að ræða plægða lögn er að öllu jöfnu ekki farið fram á aðrar áðgerðir en þær að fornleifafræðingur gangi á bæjarhólinn og teymi lögnina fram hjá sýnilegum tóftum og taki mið af túnakorti. Mögulega kann minjavörður að meta sem svo að þörf sé á að fornleifafræðingur hafi framkvæmdaefirlit.
 - Ef um er að ræða lögn sem veldur meira raski, t.d. hitaveitulögn sem þarf að grafa fyrir (eins ef grafa þarf við hús til að koma lögn inn) þarf fornleifafræðingur að hafa framkvæmdaefirlit: skrá mannvirki í plani og skrá snið (túlka, ljósmynda, teikna eftir tilvikum í 1:10, 1:20 eða 1:50). Staðsetja skal skurð/snið í landshnitakerfi.
- Ef fara þarf í gegnum tóft er að jafnaði farið fram á prufuskurð og/eða fullnaðarrannsókn sem unnin er samkvæmt viðurkenndum aðferðum við fornleifarannsóknir. Kröfur Minjastofnunar Íslands geta breyst við framvindu rannsóknar.

Kröfur Minjastofnunar Íslands vegna loka verks eða verkþáttar:

- Fornleifafræðingur skilar uppgraftarskýrslu til Minjastofnunar Íslands. Notast skal við leiðbeiningar sem Minjastofnun hefur gefið út varðandi skýrslugerð vegna leyfisskyldra fornleifarannsókna⁷.

⁷ http://www.minjastofnun.is/static/files/leidbeiningarit/Leiðbeiningar-um-uppgraftarskýrslugerð_lokautgafa.pdf

5. Sérstök tilfelli

Í sérstökum tilfellum þarf að bregðast við málum á annan hátt en útlistað er hér að framan þó svo að grunnstefið sé hið sama.

- Í tilfellum þar sem skemmdir verða á lögn eða viðkomandi kerfi getur þurft að bregðast við með stuttum fyrirvara. Einnig þarf í sumum tilvikum að lagfæra lögn sem nú þegar hefur verið lögð. Mikilvægt er að halda minjaverði upplýstum um gang slíkra neyðartilfella. Minjar kunna mögulega að vera innan þess svæðis sem kallar á samráð við Minjastofnun Íslands. Mikilvægt er að tillit sé tekið til minja við slíkar framkvæmdir.
- Framkvæmdir innan þéttbýlis þarf að kynna fyrir stofnuninni. Minjastofnun Íslands kannar í kjölfarið hvort fornleifaskráning hafi farið fram á viðkomandi svæði og þar með hvort fullnægjandi skráningargögn liggja fyrir og hvort að bregðast þurfi frekar við vegna fyrirhugaðra framkvæmda.
- Kröfur um heimildarkönnun vegna skráningarverkefnis geta verið mismunandi eftir verkum, s.s. vegna fjölda þeirra jarða sem viðkomandi lögn liggur í gegn um. Í sumum tilvikum kann því að vera að aðeins sé farið fram á heimildarkönnun (s.s. yfirferð túnakorta, örnefnaskrár, eldri fornleifaskráninga) þegar viðkomandi lagnaleið liggur um gömul heimatún eða þegar fornleifar eru innan úttektarsvæðis framkvæmdarinnar. Slíkar undanþágur þurfa að liggja fyrir frá Minjastofnun Íslands.

6. Athugasemdir

Kortasjá Minjastofnunar Íslands⁸ er í stöðugri vinnslu og er því ekki tæmandi yfirlit um fornleifar, hús og mannvirki á Íslandi, sem njóta verndar samkvæmt lögum um menningarminjar. Ekki eru allar skráðar fornleifar komnar þangað inn og skal því hafa samband við minjavörð um stöðu skráningar á viðkomandi svæði.

Tengiliðir framkvæmdaraðila hjá Minjastofnun Íslands í veitulagnamálum eru minjaverðir. Skrá yfir þá er á heimasíðu Minjastofnunar Íslands⁹. Gott samstarf á milli framkvæmdaaðila og minjavarða er mikilvægt.

Landeigandi sem sækir um heimtaug sér í sumum tilvikum sjálfur um að leggja rör fyrir heimtaug úr húsi að lóðarmörkum. Lagnaleiðin gæti hafa verið ákveðin í tengslum við deiliskipulag ef slíkt liggur fyrir á viðkomandi svæði. Slíkar framkvæmdir eru á ábyrgð eiganda og sveitarfélags. Í slíkum tilfellum þarf sveitarfélagið að upplýsa og leiðbeina viðkomandi eiganda um rétt verkferli og hvort leita þurfi álits Minjastofnunar Íslands.

Lagnaleiðir fyrirhugaðra framkvæmda þurfa að berast Minjastofnun Íslands hnitsettar. Teikningar sem sendar eru stofnuninni geta verið á shp, gpx, dwg eða dxf formi.

Minjastofnun Íslands tekur ekki greiðslu fyrir að svara fyrirspurnum eða að veita almenna ráðgjöf um lagnaleið.

⁸ <https://www.minjastofnun.gis.is>

⁹ <https://www.minjastofnun.is/is/um-okkur/starfsfolk>

7. Heimildir

Agnes Stefánsdóttir, Ásta Hermannsdóttir, Sigurður Bergsteinsson og Sólrún Inga Traustadóttir. *Skýrslugerð vegna leyfisskyldra fornleifarannsókna.* Leiðbeiningar Minjastofnunar Íslands nr. 4, 2019./2

Heimasíða Minjastofnunar Íslands. www.minjastofnun.is

Lög um menningarminjar nr. 80/2012

Lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021

Minjavefsjá Minjastofnunar Íslands.

Oddgeir Ísakssen. *Skil á fornleifaskráningargögnum. Landupplýsingagögn: Punktaskrár. línu- og flákagögn.* Leiðbeiningar Minjastofnunar Íslands nr. 1, 2016.

Reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012

Reglur um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda nr. 620/2019

Skipulagsreglugerð nr. 90/2013

Skráningarstaðlar fornleifa. Minjastofnun Íslands.